AUGLÝSING

um gildistöku samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Hinn 5. marz 1970 gekk í gildi samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum, sem gerður var í Washington, London og Moskva hinn 1. júlí 1968 og fullgiltur af Íslands hálfu hinn 18. júlí 1969, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C nr. 15/1969.

Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með tilvitnaðri auglýsingu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. marz 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 6. 9. marz 1970.

AUGLÝSING

um samkomulag varðandi flug Loftleiða til Skandinavíu.

Hinn 2. marz 1970 var undirritaður í Reykjavík bókun um samkomulag milli íslenzku ríkisstjórnarinnar annars vegar og dönsku, norsku og sænsku ríkisstjórnanna hins vegar um viðbót við bókunina frá 6. apríl 1968 varðandi flug Loftleiða til Skandinavíu.

Viðbótarbókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. marz 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARBÓKUN

við bókun frá 6. apríl 1968 milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórna Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Samkomulag hefur náðst milli íslenzku ríkisstjórnarinnar annars vegar og dönsku, norsku og sænsku ríkisstjórnanna hins vegar um eftirfarandi viðbót við bókunina frá 6. apríl 1968 (hér á eftir nefnd „bókunin") varðandi skilmála um flug Loftleiða til Skandinavíu á flugleiðinni Skandinavía—Reykjavík—New York með flugvélum af gerðinni RR-400:

1. Frá 15. janúar 1970 hafa Loftleiðir heimild til að nota hina lengdu gerð RR-400 (með 189 sætum). Bókunin gildir framvegis aðeins um þá gerð og síðari setning 1. liðs fellur því niður.
2. Sú heimild, sem Loftleiðir hafa samkvæmt 2. lið bókunarinnar til að nota gjöld, er séu allt að 10% lægri en venjuleg IATA gjöld, varðar eins og hingað til aðeins gjöld fyrir flutning á farþegum. IATA farmgjöldum og reglum skal fylgt í einu og öllu.

3. Til viðbótar þeim sérgjöldum, sem greinilega eru nefnd í 3. og 4. lið bókunarinnar, er Loftleiðum heimilt að nota IATA fjölskylduafslátt.

Heimild þessi gildir meðan viðbótarbókunin er í gildi, að því áskildu að IATA-ályktun nr. 091 C haldi gildi sínu, fyrir ferðir frá Evrópu til Norður-Ameríku, þannig að fyrir „aðalfarþega" reiknist venjulegt Loftleiðagjald, þ. e. a. s. venjulegt IATA gjald ÷ 10% eða IATA ‚excursion fare" ÷ 10 Bandaríkjadollurum og fyrir aðra fjölskyldumeðlimi, sem í förinni eru, gjald, sem sé í mesta lagi 10 Bandaríkjadollurum lægra en einstaklingsgjald IATA fyrir aðra leiðina.

Að öðru leyti en því er að ofan greinir, skal bókunin talin gilda um allt, sem varðar möguleika Loftleiða til að nota núgildandi og framtíðar IATA sérgjöld, án þess að fyrirfram samþykki skandinavísku landanna komi til.

Gjört í Reykjavík hinn 2. marz 1970 í fjórum samhljóða eintökum á íslenzku, dönsku, norsku og sænsku, og hafa allir þessir fjórir textar sama gildi.

Fyrir Ísland:

Emil Jónsson.

Fyrir Danmörku:

Birger Kronmann.

Fyrir Noreg:

Christian Mohr.

Fyrir Svíþjóð:

Gunnar Granberg.